



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um mönnun á sambýlum og íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk

Þann 18. september 2024 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn ásamt greinargerð:

Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvernig fylgst er með mönnun á sambýlum og íbúðakjörnum fyrir fatlaða í borginni? Eru til einhverjir verkferlar sem gripið er til ef undirmönnun skapast?

Fyrirspurninni fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Fulltrúa Flokks fólksins finnst mikilvægt að fylgst sé betur með mönnun á sambýlum og íbúðakjörnum fyrir fatlaða. Skelfilegar fréttir hafa birst í fjölmiðlum undanfarið þar sem greint er frá slæmri stöðu vegna undirmönnunar á sambýlum og íbúðakjörnum fyrir fatlaða. Fjölfatlaður einstaklingur á sambýli hefur í tvígang slasast í umsjá starfsmanna. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar býður þó betrumbætur í mönnun á sambýlinu og nokkurra vikna séraðstoð við einstaklinginn á meðan hann jafnar sig. Á íbúðakjarna við Skúlagötu var mikil undirmönnun í sumar og segja aðstandendur að þeir hafi aldrei upplifað slíkt áður og að mönnunin hafi verið undir öryggismörkum. Neyðarástand skapaðist og var ekki tryggt að íbúar fengju mat eða þrif. Fulltrúa Flokks fólksins finnst mikilvægt að fylgst sé betur með mönnun á sambýlum og íbúðakjörnum fyrir fatlaða til að koma í veg fyrir svona tilvik.

Svar:

Það er á ábyrgð forstöðumanna á sambýlum og íbúðakjörnum að tryggja mönnun á hverjum stað. Gengið er út frá grunnmönnun búsetuúrræða eftir þjónustuflokkum samanber samþykkt stöðugildi fyrir hvern stað.

Það er engin opinber skilgreining til hjá sveitarfélögum varðandi öryggismörk í þjónustu en velferðarsvið vann skýrslu á árinu 2016 þar sem lagðar voru fram tillögur að skilgreiningu öryggismarkna í þjónustunni.

Flestir kjarnar eru með tímavinnustarfsmenn á útkallsvöktum auk þess sem forstöðumenn vinna sjálfir beint með íbúum ef illa gengur að manna. Einnig er brugðist við með því að kalla inn fólk á aukavaktir. Þrátt fyrir þetta geta komið upp aðstæður þar sem færri starfsmenn eru á vakt heldur en vaktatafla gerir ráð fyrir. Þegar slíkt gerist er það að öllu jöfnu skráð í atvikaskráningarkerfið Munin og sérstaklega þegar skert mönnun hefur áhrif á þjónustu við íbúa. Í dag er íbúðakjarninn á Skúlagötu með átta stöðugildi og þar er sólarhringsþjónusta alla daga ársins. Vegna langtímaveikinda starfsfólks sem og ráðningu sumarstarfsfólks sem réði sig til vinnu en hætti við á síðustu stundu var mönnunin þung í sumar. Nú eru allar stöður mannaðar. Þegar stöður voru ekki fullmannaðar í sumar var það leyst með yfirvinnu starfsfólks íbúðakjarnans.